

Hverfisráð Hríseyjar

99. fundur.

Mánudaginn 23. maí 2016 kl. 10.00 var 99. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mættir voru: Anton Steinarsson, Þorgeir Jónsson og Linda María Ásgeirsdóttir í forföllum Hermanns J. Erlingssonar.

Formaður setti fundinn.

Fundargerð:

- Bréf frá skipulagsnefnd.**
Bréf vegna umsóknar um byggingaleyfi á Austurvegi 9 þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðs. Hverfisráð tekur jákvætt í erindið og fagnar þessari framkvæmd.
- Fasteignagjöld vegna gististaða.**
Ákveðið að senda inn erindi til skipulagsnefndar.
- Aðalfundur hverfisráðs/íbúafundur.**
Undirbúningur vegna aðalfundar hverfisráðs sem verður haldinn miðvikudaginn 25. maí kl. 16.00. Aðalfundurinn verður 100 fundur hverfisráðsins og 10 starfsárið og mikilvægt að fara yfir vægi og stöðu ráðsins.
- Önnur mál.**
Ýmis málefni rædd s.s. sala gróðurhúss við Holt og komu fram mjög skiptar skoðanir á því máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.00.

Anton M. Steinarsson
Þorgeir Jónsson
Linda María Ásgeirsdóttir

Fundargerð rituð af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.